

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2181*  
*komudagur 27.4.2004*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um tónlistarsjóð, 910. mál.

Vegna þess hve frestur er skammur hefur mér ekki tekist að kynna mér málið í þaula. Þó sé ég strax að í 1. grein frumvarpsins er talað um íslenska tónlist og tónsköpun í víðari merkingu þessara orða en ég á að venjast. Í athugasemd við 1. grein frumvarpsins segir meðal annars:

“Með íslenskri tónlist er átt við tónlist sem samin er af íslenskum höfundum og tónlist sem flutt er af íslenskum flytjendum, jafnt atvinnu- sem áhugamönnum.”

Þar sem orðið íslensk tónlist hefur nær eingöngu verið notað í merkingunni: tónlist íslenskra tónskálda og lagasmiða, sýnist mér nauðsinlegt að taka fram að hér sé einnig átt við erlenda tónlist, sé hún flutt af íslenskum tónlistarmönnum, því ég á ekki von á öðru en verk hinna sígildu meistara eigi hér einnig við.

Bestu kveðjur  
Örn Magnússon  
stjórnandi Berjadaga,  
tónlistarhátíðar á Tröllaskaga